

Nafn	Kennitala
Núverandi heimilisfang	Land
Netfang	Sími

Búseta og nám

Búseta á Íslandi í fimm ár samfelld áður en nám hófst Já Nei

Nám hófst innan þriggja mánaða eftir að flutt var úr landi Já Nei

Nám stundað við erlendan skóla á framhalds- eða háskólastigi Já Nei

Athugið - Nám stundað við grunnskóla, menntaskóla, lýðháskóla eða sambærilega menntastofnum fellur ekki hér undir nema námið veitir formleg starfsréttindi eða heimild til að bera starfsheiti. Þessir aðilar geta átt rétt til að halda hér heimilisfesti á grundvelli 70. gr. a, **sjá eyðublað RSK 5.23.**

Hvaða nám er stundað

- Doktorsnám
 Mastersnám
 Bakkalár gráða
 Iðnnám sem veitir formleg starfsréttindi eða heimild til að bera starfsheiti
 Er námið beint framhald af öðru námi, svo sem í framhaldi af bakkalár gráðu. Hvenær lauk því námi? _____

Umsókn um skattalega heimilisfesti

Sækja þarf um skattalega heimilisfesti árlega

Athygli er vakin á því að umsókn þessi undanskilur ekki námsmann frá skattskyldu í búsetulandi

Nánar um námið (fræðasvið/námsleið)	
Við hvaða skóla?	Í hvaða landi
Hvenær hófst námið?	Áætluð námslok

Er óskað eftir að umsókn gildi líka fyrir maka?

Já Nei

Gögn sem þarf að skila með umsókn

Ef gögnum er ekki skilað með framtali er hægt að skila þeim síðar, annað hvort rafrænt á skattur.is eða á pappír. Merkið við, til staðfestingar, hvaða gögnum verður skilað til ríkisskattstjóra síðar.

- Vottorð um að nám hafi verið stundað erlendis á tekjuárinu, útgefið í lok árs eða síðar.
 Staðfest gögn frá erlendum skattfyrirvöldum um tekjur eða tekjuleysi erlendis.
 Staðfest gögn um greiddar barnabætur eða sambærilegar greiðslur erlendis.

Berist tilskilin gögn ekki í síðasta lagi 6. apríl verður umsókninni synjað sem ófullnægjandi.

Fengnar barnabætur eða sambærilegar greiðslur erlendis

Hjá hjónum/sambýlisfólki skal tilgreina **heildarfjárhæð** barnabóta, en ekki aðeins hlut umsækjanda.

Barnabætur í erlendra mynt	Gjaldmiðill barnabóta	Bætur í íslenskum krónum
----------------------------	-----------------------	--------------------------

Tekjur umsækjanda erlendis

Tekjur erlendis aðrar en fjármagnstekjur	Greiddir skattar erlendis í erlendra mynt	Heildartekjur í erlendra mynt	Heildartekjur í íslenskum krónum
Í hvaða landi?			
Í hvaða landi?			

Tekjur maka erlendis

Tekjur erlendis aðrar en fjármagnstekjur	Greiddir skattar erlendis í erlendri mynt	Heildartekjur í erlendri mynt	Heildartekjur í íslenskum krónum
Í hvaða landi?			
Í hvaða landi?			

Dags.

Undirskrift umsækjanda

Undirskrift maka

Reglugerð

nr. 648/1995, um réttindi og skyldur manna, sem dveljast erlendis við nám, skv. ákvæðum laga um opinber gjöld.¹⁾

¹⁾ Sbr. reglugerðir nr. 694/2008 og 394/2011.

1. gr.

(1) Þeir menn sem dveljast erlendis við nám, geta haldið öllum réttindum sem heimilisfesti hér á landi veitir skv. lögum nr. [90/2003, um tekjuskatt]¹⁾ og öðrum lögum um opinber gjöld eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

(2) Ákvæði 1. mgr. á við, þrátt fyrir að menn séu með fasta búsetu erlendis, enda hafi þeir verið búsettir hér á landi eða uppfyllt skilyrði reglugerðar þessarar síðustu 5 árin áður en nám hófst. [Nám í skilningi reglugerðar þessarar skal hefjast innan þriggja mánaða frá flutningi til útlanda.]¹⁾

(3) Nám skv. 1. mgr. telst hvers konar reglulegt nám í viðurkenndri [erlendri]¹⁾ menntastofnun innan hins almenna menntakerfis á framhalds- eða háskólastigi [enda sé námið fullt starf]¹⁾ og námstími eigi skemmri en 6 mánuðir eða sem svarar til 624 klst. á ári.

(4) Til náms skv. 1. mgr. telst starfsþjálfun, sérhæfing eða öflun sérfræðiréttinda enda séu skilyrði 3. mgr. uppfyllt. [Til náms telst einnig skiptinám við erlenda háskóla þótt námstími sé skemmri en 6 mánuðir, enda séu skilyrði 3. mgr. uppfyllt og nemandi skráður í nám við íslenskan háskóla. Stundi nemandi sem hefur búsetu erlendis fjarnám við íslenskan háskóla skapar það eitt og sér ekki rétt til skattalegrar heimilisfesti hér á landi.]²⁾

(5) Til náms skv. 1. mgr. telst ekki nám í grunnskólum, menntaskólum[, lýðháskólum]¹⁾ eða sambærilegum menntastofnunum, nema nám að loknum grunnskóla veiti formleg starfsréttindi eða heimild til að bera starfsheiti.

¹⁾ Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 694/2008. ²⁾ Sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 394/2011.

2. gr.

Maki námsmanns og börn hans eldri en 16 ára geta haldið sömu réttindum og námsmaður ef sýnt er fram á að dvöl þeirra erlendis sé bein afleiðing af námi hans, en ekki sérstaklega til tekjuöflunar eða öflunar sérþekkingar, sem ekki fellur undir ákvæði þessarar reglugerðar. Sama gildir um sambúðarfólk, sem uppfyllir skilyrði fyrir samsköttun, sbr. [3. mgr. 62. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt]¹⁾.

¹⁾ Sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 694/2008.

3. gr.

(1) Námsmenn, makar þeirra og börn eldri en 16 ára, sem óska eftir að halda hér á landi skattalegri heimilisfesti, skulu árlega sækja um það á skattframtali. [Skattframtal skal senda skattstjóra í því umdæmi þar sem þeir voru síðast skattskyldir fyrir brottflutning með upplýsingum um allar tekjur, hvar sem þeirra er aflað.]¹⁾ Leggja skal fram eftirtalin gögn og upplýsingar með skattframtali:

- Vottorð um nám erlendis á tekjuári þar sem fram komi:
 - hvaða nám var stundað og hve lengi,
 - hvenær nám hófst,
 - hvenær námslok séu áætluð.
- Upplýsingar um eftirfarandi:
 - hvert hafi verið síðasta lögheimili námsmanns hér á landi,
 - hver sé umboðsmaður eða hvert sé pósthfang námsmanns hér á landi.
- Upplýsingar um tekjur erlendis:
 - staðfest ljósrit af erlendum skattframtölum ef tekjur koma þar fram, eða
 - skriflegt tekjuvottorð frá erlendum skattfyrirvöldum, eða
 - erlenda álagningarseðla, eða
 - staðfestingu á skattauppgjöri erlendis.
- Staðfestingu um barnabætur o.þ.h. greiðslur erlendis ef um þær var að ræða. Fram komi heildargreiðslur tekjuársins.

(2) Skattstjórnar skulu taka ákvörðun um réttindi skv. reglugerð þessari í samræmi við framlögð gögn við álagningu opinberra gjalda ár hvert.

¹⁾ Sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 694/2008.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 3. mgr. 70. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt¹⁾, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

¹⁾ Nú 3. mgr. 69. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.